

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 – 1990

9. febrúar 1990

123

Nr. 68

AUGLÝSING

um (1.) breytingu á fylgiskjali með reglugerð nr. 64/1990 um breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, nr. 246/1982 með síðari breytingum.

1. gr.

Af fylgiskjali með reglugerð nr. 64/1990 skal falla niður lyfið RENITEC 20 mg og 5 mg töflur í 28 og 98 stk. pakkningum.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í reglugerð nr. 64/1990 um breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 246/1982 með síðari breytingum, öðlast gildi 15. febrúar 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. febrúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

8. febrúar 1990

Nr. 69

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 371 25. október 1976.

1. gr.

1. málsl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmíða er kr. 6 000, en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 500.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, öðlast gildi 4. apríl 1990.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 53 2. febrúar 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. febrúar 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Jón Thors.